
 Tilkynning um kæru nr. 1372023, stjórnvald.

Búið til	5.12.2023 11:28:27
Höfundur	Anna María Arnardóttir
Móttekið dags.	5.12.2023 10:41:53
Tilheyrir	 USK23120025 - Lág múli 6-8 - Tilkynning um kæru nr. 137/2023

Efni





Tilkynning um kæru nr. 1372023, stjórnvald.

Upplýsingar

Móttekið dags.	5.12.2023 10:41:53	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.14.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	kæurur		

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	   

Innihald

<p>Góðan dag.</p> <p>Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 4. desember 2023 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa að leggja á dagsektir kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem dregst að verða við kröfum um að fjarlægja skilti Ormsson að Lág múli 6-8.</p> <p>Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.</p> <p>Óskast staðfest um móttöku.</p> <p>Með kveðju, f.h. nefndarinnar</p>
--

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; ;

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710

[www.uua.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7Ced9d4bc899e5448573ee08dbf57eccb2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638373698103127196%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6I1k1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=S3sWqzfkV4vSE4J3kdEMKnUEk82cT8CICsxDn9PnQd4%3D&reserved=0) (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7Ced9d4bc899e5448573ee08dbf57eccb2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638373698103127196%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6I1k1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=S3sWqzfkV4vSE4J3kdEMKnUEk82cT8CICsxDn9PnQd4%3D&reserved=0>) - Fyrirvari/Disclaimer (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7Ced9d4bc899e5448573ee08dbf57eccb2%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638373698103127196%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6I1k1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=u0v19P8r6aZucqo2buzq8pG2izAg80kl2YVQgPVkoIA%3D&reserved=0>)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

KÆRA

vegna ákvörðunar um dagsektir

Til mín hefur leitað félagið Ormsson hf., kt. 530509-0360 (hér eftir „kærandi“) og óskað eftir aðstoð við að koma á framfæri kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar um að Ormsson greiði dagsektir. Um er að ræða dagsektir byggðar á upphaflegri synjun á byggingarleyfi vegna rafræns skiltis á S-V vegg húss nr. 6-8 við Lágmúla, en Kristján Ásgeirsson arkitekt sendi vel rökstudda beiðni fyrir byggingarleyfi ásamt teikningum og mælingum, sem var upphaflega hafnað og er krafa dagsektir byggt á þeirri forsendu að byggingarleyfi var synjað.

Nú þegar hefur verið send kæra til úrskurðarnefndar vegna ákvörðunar um að synja um byggingarleyfi, sem og ákvörðunar um að Ormsson yrði gert að fjarlægja skiltið. Í kjölfarið birtist ákvörðun um dagsektir. Kærandi kærði framangreindar ákvarðanir þann 25. október sl. og 7. nóvember 2023.

Í kjölfar kæru og greinargerðar umbj. míns barst umbj. mínum bréf tilkynning dags. 13. nóvember 2023 þar sem fram kemur að „Á afgreiðslufundi 7.11.2023 samþykkti byggingarfulltrúi umsókn þína um byggingarleyfi.“ Hafði því byggingarleyfi það sem umbjóðandi minn hafði óskað eftir verið samþykkt.

Í tilkynningunni til umbjóðanda míns var upplýst um að daginn áður en byggingarleyfið var samþykkt, þ.e. þann 6. nóvember 2023, hafi verið lagt fram bréf eftirlitsdeildar „dags. 6. nóvember 2023 – þar sem tilkynnt er um dagsektir, kr. 150.000, - vegna LED skiltis“ sem ekki væri byggingarleyfi fyrir. Hins vegar voru ekki lagðar á dagsektir í tilkynningu þessari, enda þvert á móti um að ræða samþykkt byggingarleyfi.

Þann 17. nóvember barst svo kæranda bréf þar sem tilkynnt var um dagsektir og það væri um að ræða ákvörðun frá 6. Nóvember. Í bréfinu, sem er dags. 6. nóvember, segir;

„Byggingarfulltrúi hefur því ákveðið að leggja á dagsektir kr. 150.000 fyrir hvern þann dag sem dregst að verða við kröfum byggingarfulltrúa um að fjarlægja skiltið. Dagsektir verða innheimtar frá og með 8. nóvember 2023.“

Fyrir liggur því að verið er að leggja á dagsektir vegna skorts á byggingarleyfi. Byggingarleyfi sem hafði svo verið samþykkt eftir dagsektarákvörðunina, sbr. tilkynningu þar að lútandi.

I. Hinar kærðu ákvarðanir

Kærð er sú ákvörðun byggingarfulltrúa um að leggja á dagsektir að fjárhæð 150.000 kr. á dag, sbr. bréf dags. 6. nóvember 2023, sem barst ekki fyrr en 17. nóvember sl.

I. Kröfur kæranda

Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Krafist er þess að ákvörðun um að leggja á dagsektir, að fjárhæð 150.000 kr. fyrir hvern þann dag sem dregst að verða við kröfum um að fjarlægja skiltið, verði felld úr gildi.

II. Málsástæður og sjónarmið kæranda

Kærandi vísar til þeirra sjónarmiða sem fram koma í kæru og greinargerð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á ákvörðun byggingarfulltrúa um að synja byggingarleyfi. Um er að ræða forsendu þeirrar

ákvörðunar að krefjast þess að skiltið verði fjarlæggt. Einnig er vísað til sjónarmiða sem fram koma vegna kæru á ákvörðun byggingarfulltrúa um að skiltið verði fjarlæggt.

Kærandi telur að forsenda fyrir álagningu dagsekta sé ekki lengur fyrir hendi þar sem búið er að samþykka umrætt byggingarleyfi, sbr. tilkynning dags. 13. nóvember 2023. Dagsektarákvörðun sem var tekinn daginn áður en byggingarleyfið var samþykkt, verður að teljast sjálfkrafa niður fallin eða skorta stoð, enda um að ræða þvingunarúrræði til að ná fram fyrri ákvörðunum.

Þá fékk kærandi engan andmælafrest vegna fyrirhugaðrar dagsektar til þess að koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Því til viðbótar er fyrirhuguðum dagsektum sérstaklega hafnað. Um er að ræða alltof háar dagsektir sem eru í engu samræmi við aðrar dagsektir. Þá skortir alfarið að það sé útskýrt á hvaða grundvelli slík fjárhæð sé fundin út eða reiknuð, til að kærandi geti yfir höfuð gert ágreining um slíka fjárhæð eða haft á henni einhverja skoðun. Þá verður vart séð hvernig unnt sé að leggja á dagsektir frá 8. nóvember sl. til 17. nóvember þar sem ekki var tilkynnt formlega um dagsektarákvörðunina fyrr en þann 17. nóvember.

Í kjölfar þessarar tilkynningar um að byggingarleyfi hafi verið samþykkt og dagsektarákvörðun var undirritaður lögmaður í samskiptum við embætti byggingarfulltrúa, en um var að ræða samskipti við lögmann byggingarfulltrúa sem hafði líklega ekki vitað af því að byggingarleyfið hafði verið veitt þann 7. nóvember sl. og tilkynnt bréfleiðis þann 13. nóvember skv. bréfi þar að lútandi. Komust lögmaður Ormsson og lögmaður borgarinnar að samkomulagi um að Ormssyni myndi slökkva á skiltinu á meðan byggingarleyfið væri fyrir úrskurðarnefnd. Var þetta þann 16. og 17. Nóvember sem slíkt samskipti áttu sér stað. Þá þegar hafði verið samþykkt byggingarleyfi án þess að lögmaður Ormsson hafði fengið þá tilkynningu og lögmaður borgarinnar hafði heldur ekki fyrri því að upplýsa um það eða leggja fram öll bréfleg samskipti við Ormsson, líklega þar sem viðkomandi vissi ekki af því. Í það minnsta þá upplýsti lögmaður Ormsson lögmanninn um að búið væri að samþykka byggingarleyfið og því væri dagsektarákvörðunin líklega fallin um sjálft sig.

Lögmaðurinn áframsendi það erindi til byggingarfulltrúa og sagðist ekki vera að skilja hvað væri í gangi. Byggingarfulltrúi sendi þá bréf til lögmanns Ormsson þann 22. nóvember 2023 þar sem fram kom að „Fyrir mistök fór staðlað bréf úr kerfum borgarinnar út við tilkynningu um afgreiðslu máls, beðist er velvirðingar á því, í viðhengi er leiðrétt bréf og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 7. Nóvember 2023.“

Var Byggingarfulltrúa bent á að skv. 20. gr. stjórnslulaga væri ákvörðun bindandi þegar hún er komin til aðila og stjórnvaldi er ekki heimilt að breyta ákvörðun sem hefur verið tilkynnt aðila, nema um sé að ræða formvillur og ekki verði séð að svo sé í umræddu tilviki, enda um að ræða efnislega tilkynningu. Efni ákvörðunar er að byggingarleyfi hefur verið veitt. Því sé byggingarfulltrúi bundinn við tilkynninguna.

Frekari samskipti áttu sér stað og nú við lögmann „skrifstofu stjórnslu og gæða“ þar sem því var haldið fram að tilkynning til umbjóðanda míns hafi farið á „rangt bréfefni“. Því var hafnað að slíkt gæti átt við eða að það væri hægt að færa efnislega ákvörðun í búning formlegrar ákvörðunar með slíkum hætti. Lögmaður Ormsson sendi frekari sjónarmið sem var svarað af hálfu lögmanns stjórnslu og gæða að þau höfðu „ekkert frekar um þetta að segja“

Í kjölfarið voru dagsektir settar aftur af stað og þær senda í innheimtu til Gjaldheimtunnar. Umbjóðandi minn telur að það hljóti þá að vera skv. þessari ákvörðun dags. 6. nóvember sem var ekki birt fyrir kæranda, og er hér með kærð.

Óskað er eftir fresti til að skila inn greinargerð til úrskurðarnefndar þar sem sjónarmið kæranda verða færð fram til fullnaðar.

Fyrir hönd Ormsson hf.

Vilhjálmur P. A. Vilhjálmsson hrl.

Meðfylgjandi:

1. Bréf dags. 6. nóvember 2023 um dagsektir.
2. Bréf dags. 13. nóvember 2023 þar sem byggingarleyfi er samþykkt.
3. Samskipti milli borgarinnar og lögmanns Ormsson í kjölfarið.